

Jafnréttisstefna Orku náttúrunnar byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins. **Stefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir alla starfsmenn.** Orka náttúrunnar leggur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar til grundvallar jafnréttisstefnu sinni. Jafnréttisstefna Orku náttúrunnar miðar að því að meta einstaklinga að eigin verðleikum og að þeir fái notið jafns réttar án tillits til kynferðis, aldurs, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

**Tilvísanir:**

- [SKI-100](#); Ábyrgðir i vottuðum stjórnunarkerfum.
- [SKI-245](#); Jafnlaunakerfi (ÍST 85).
- [STE-019](#); Starfskjarastefna.
- [STE-266](#); Framkvæmdaráætlun jafnréttisnefndar ON 2017-2018.